

99. fundur
Mánudagur 17. apríl
Í N203



Stúdentaráðs
2023 kl. 17:00

Fundaritari: Hanna Karin

Mættir:

Sólveig Birna (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Erla, Rakel, Hildur, Cristina, Páll, Lilja, Hulda, Silja, Berglind, Æsa, Ágúst.

Fundur settur 17:06

Fundardagskrá

1. Undirritun trúnaðaryfirlýsinga, sjá YFL-001 í fundarmöppu.

Allir fulltrúar í stúdentaráði og í stjórnnum og nefndum innan SHA voru beðnir um að undirrita trúnaðaryfirlýsingu

2. Starfsárið fram undan.

a. Fundartímar stúdentaráðs

- Forseti bar upp tvær tillögur að fundartímum, kl 14:00 eða 17:00. Kosið var um þessar tvær tímasetningar og var meirihluti sem kaus kl 14:00. Fundartímar verða því kl 14:00 á öðrum fimmtudegi í mánuði.

b. Starfsáætlun SHA 2023.

- Starfsáætlun var kynnt, forseti útskýrði hvern lið fyrir sig, nýnemadagar eru 20-25 ágúst, en verða þrír dagar en ekki 4 eins og í fyrra (Reki, Stafnbúi, Eir) (Magister, Kumpáni, Þemis) **Eftir fundinn kom í ljós að forseti fór með rangt mál og verða nýnemadagar í ár háttaðir eins og árið 2022 þ.e.a.s 4 daga.** Á föstudeginum er ratleikur og grill. Sprellmótið verður 22. september og var sú dagsetning ákveðin fyrir rúmum 3 mánuðum síðan. Íþróttatímar hafa gengið vel og höfum við tvo yogatíma á viku, við ætlum að reyna halda íþróttamót einnig. Vísindaferð er síðasta helgina í janúar, Árshátíð SHA verður haldin 24. febrúar 2024.
- Spurt var um útilegu en viðburðarnefnd sér um að ákveða.
- Spurt var um vinnufundina og hvort það væri komin dagsetning.

- Spurt var um opnu dagana og hvort þeir ættu ekki að vera inni í starfsáætlunni okkar, en kynninganefnd sér um það.
- c. **Stefnumótun**
- Forseti hvatti stúdentaráð til að mæta á þá fundi sem myndi verða haldnir í kringum stefnumótun HA. Rödd okkar skipta miklu máli.
- d. **Starfs- og fjárhagsáætlanir aðildarfélaga og fastanefnda.**
- Öll aðildafélög og fastanefndir skila inn starfs- og fjárhagsáætlanir. Með því að skila þessu er verið að gefa til kynna að félagið ætli að starfa fyrir komandi ár. Fjárhagsáætlun þarf að skila áður en þið aðildafélögin fá fyrstu greiðsluna.
- Rætt var um vísindaferðir og hvort það væri hægt að halda fleiri vísindaferðir.
- Rætt um samstarfsaðila, hvort það verður endurnýjað samninginn við Ölgerðina og Símann. Framkvæmdastjórn ætlar að hafa samband við öll símafyrtækin.
- Mikilvægt að þegar verslað er í vínbúðinni að nota SHA kennitöluna en ekki kennitölu aðildafélags.
- 3. **Verklagsreglur kynntar**
- Spurt var um hvenær þarf að skila inn samþykktabreyingum, það er 2 sólarhringum fyrir.
- 4. **Fjárhagsáætlun SHA 2023-2024.**
- Borið var upp til samþykktar hækkun á greiðslum til framkvæmdarstjórnar. Skipting greiðsla verður lagt til á næsta fundi undir Verklagsreglum en þá er forseti með 160.000kr og varaforseti og fjármálastjóri með 130.000kr.
- Allir samþykktu fjárhagsáætlun sem voru viðstaddir
-
- 5. **Önnur mál**
- Eitt annað mál barst frá Lilju Margréti
- Lilja kom með sá hugmynd að vera með trúnaðarmann á viðburðunum sem við erum að halda.
 - næsti fundur er 100. fundurinn og þá ætlar framkvæmdastjórn að bjóða upp á köku, 11. maí kl 14:00

Fundi slitið 18:06